

**569. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 18.
febrúar 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 569 lögmætan.

Dagskrá:

1. Brunavarnaráætlun - 1801005

Slökkviliðsstjóri, Davíð Rúnar Gunnarsson, var gestur fundarins undir þessum lið og kynnti drög að sameiginlegri brunavarnaáætlun Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Jafnframt var lagt fram bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 17.02.2021 vegna brunavarnaáætlunar.

Sveitarstjórn þakkar slökkviliðsstjóra fyrir kynninguna.

Þar sem Slökkvilið Tálknafjarðar og Slökkvilið Vesturbyggðar starfa náið saman og slökkviliðsstjóri er sameiginlegur er mikilvægt að sveitarfélögin móti sameiginlega stefnu í brunavarnamálum. Málinu er því vísað til samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem er vettvangur samtals milli sveitarfélaganna.

2. Slökkvilið og sjúkraflutningar - 2007077

Úttekt á mögulegum samrekstri slökkviliða og sjúkraflutninga á sunnanverðum Vestfjörðum. Skýrsla unnin af Ráðríkri ehf. dags. 27.11.2020 lögð fram.

Sveitarstjórn þakkar Ráðríkri fyrir skýrsluna og kynningu vegna hennar sem fór fram 17.02.2021.

Skýrslunni er vísað til Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps til umfjöllunar.

3. Styrkur beiðni um styrk vegna sjávarvarna - 2102600

Erindi frá Katlahúsinu ehf. dags. 01.02.2021 þar sem óskað er eftir fjárstyrk frá Vegagerðinni og Tálknafjarðarhreppi vegna sjávarvarna við Suðureyri við Tálknafjörð.

Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga. Afgreiðslu frestað.

4. Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis. - 2009255

Tillaga frá 28. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 11.02.2021 um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis verði afgreitt í samræmi við 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna skv. 41. gr. sömu laga.

Málið var jafnframt á dagskrá 51. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar

sem fór fram 09.02.2021.

Lilja Magnúsdóttir vakti athygli á vanhæfi sínu og vék af fundi við afgreiðslu málsins. *Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til skipulagsfulltrúa að beygjuradíus götunnar niður að höfn verði víkkaður, bátarennan verði skilgreind á skipulaginu og reitur austan við bátarennuna verði skilgreint sem áningasvæði og skuli vera autt. Afgreiðslu er frestað.*

5. Hólsá virkjun Hólsár - 2102649

Skilgreining forathugunar vegna virkjunar Hólsár í Tálknafirði dags. 12.02.2021 unnin af Verkís lögð fram til afgreiðslu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Verkís um gerð forathugunar um virkjunarkost í Hólsá á grundvelli minnisblaðsins. Sveitarstjóra falið að vinna viðauka vegna verksins og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

6. Ísland ljóstengt 2021. - 2102639

Drög að umsókn Tálknafjarðarhrepps vegna verkefnisins Ísland ljóstengt 2021 lögð fram til staðfestingar. Um er að ræða verkefni vegna ljósleiðaratengingu dreifbýlis.

Lilja Magnúsdóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir þátttöku í verkefninu. Sveitarstjóra falið að vinna viðauka vegna verksins og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

7. Ósk um umsögn um tillögu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 - 2102636

Erindi frá skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar dags. 10.02.2021 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Gefinn er frestur til 10.03.2021 til að skila inn umsögn.

Sveitarstjórn vísar tillögunni til umfjöllunar í Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd og óskar eftir því að álit nefndarinnar liggi fyrir á reglubundnum fundi sveitarstjórnar sem fer fram 11.03.2021. Vegna þessa áskilur sveitarstjórn sér rétt til að skila athugasemd við skipulagstillöguna 12.03.2021.

8. Fræðslu-,menningar-,íprótta-, æskulýðsnefnd - 41 - 2101003F

Fundargerð 41. fundar Fræðslu-, menningar-, íprótta- og æskulýðsnefndar sem fór fram 26.01.2021.

Fundargerð er staðfest.

8.1 2101540 - Starfsmannavefur Tálknafjarðarskóla

8.2 2101541 - Heimasíða Tálknafjarðarskóla

8.3 1803018 - Ytra mat umbótaáætlun Grunnskólans lokaskýrsla og kynningarglærur.

8.4 2005065 - Framkvæmdir vegna vatnstjóns í ípróttahúsi.

8.5 2101542 - Vatnstjón á bóksafni

8.6 1906312 - Upplýsingagjöf skólastjóra

9. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 51 - 2101002F

Fundargerð 51. fundar Bygginga-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 09.02.2021.

Fundargerðin er staðfest.

Sveitarstjórn er sammála Byggingar, skipulags- og umhverfisnefnd um að sveitarfélagið taki þátt og skipuleggi plokkgar í vor og samhliða fari fram hreinsunaráttak í samvinnu við íbúa og fyrirtæki.

- 9.1 1902411 - Breyting á aðalskipulagi
- 9.2 2009255 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi
- 9.3 2101516 - Plokkgarurinn 2021
- 9.4 2009330 - Fyrirspurn um staðsetningu rafstöðvar
- 9.5 2101553 - Miðtún 3, umsókn um stækkun og sameiningu íbúða
- 9.6 2102599 - Sundlaug Tálknafjarðar, viðbygging

10. Atvinnu- og hafnarnefnd - 28 - 2102001F

Fundargerð 28. fundar Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 11.02.2021.

Fundargerð er staðfest.

Sveitarstjórn bendir á að málefni hitaveitu á Tálknafirði eru í vinnslu eins og kemur fram í bókun hennar á 568. fundi hennar sem fór fram 21.01.2021 þar sem sveitarstjóra var falið að hraða vinnu vegna gjaldskrár hitaveitu ásamt nauðsynlegum rannsóknum á afhendingarmöguleikum á heitu vatni.

- 10.1 2009255 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi
- 10.2 2004602 - Strandgata 39-41, sameining lóða
- 10.3 2102648 - Hitaveita Tálknafjarðar
- 10.4 2101563 - Viðbragðsáætlun Tálknafjarðarhafnar
- 10.5 2101560 - Fundargerðir 2021 Hafnasamband

11. Framkvæmdir í Íþróttamiðstöð. - 2005065

Á fundinum verður lagt fram minnisblað vegna framkvæmda í Íþróttamiðstöð.

Lagt fram til kynningar.

12. Samráð minni sveitarfélaga - 2101554

Minnisblað frá Samráðsfundi minni sveitarfélaga sem fór fram rafrænt 21.01.2021. Jafnframt er lagt fram afrit af tölvupósti Þrastar Friðfinnssonar, sveitarstjóra Grýtbakkahrepps, dags. 15.02.2021 til nefndarsviðs Alþingis þar sem gert er grein fyrir sameiginlegri umsögn 20 minni sveitarfélaga við frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lánmarksíbúafjölda sveitarfélags. Umrædd umsögn er jafnframt lögð fram.

Lagt fram.

Sveitarstjórn tekur heilshugar undir efni minnisblaðs frá starfshópi minni sveitarfélaga og þakkar góða vinnu sem þar hefur farið fram.

13. Boðun XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2101550

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 26.01.2021 þar sem boðað er til

XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélga, en það mun fara fram á Grand hóteli í Reykjavík 26.03.2021. Fram kemur að ef aðstæður leyfa ekki hefðbundið fundarhald verði þingið haldið rafrænt.

Lagt fram.

14. Stofnfjárframlög til samfélagssinnaðra leigusala 2021 - 2102661

Auglýsing frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna stofnfjárframlaga til samfélagslegra leigusala á árinu 2021. Fram kemur að umsóknarfrestur er til 22.02.2021.

Lagt fram.

Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum

15. um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál. - 2101577

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 28.01.2021 þar sem frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál, er sent til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir innsenda tillögu starfshóps smærri sveitarfélaga á Íslandi. Tillagan byggir á grunngildum lýðræðis og sjálfstjórnunarréttar sveitarfélaga og er í takt við meginsjónarmið í stefnumótandi áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem samþykkt var á Alþingi á síðasta ári, einkum er varðar lýðræði, sjálfstjórnarrétt og sjálfbærni sveitarfélaga. Hún er jafnframt í góðu samhengi við sveitarstjórnarlög og fellur að þeim lagaramma sem fyrir er um sveitarfélög. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps telur tillöguna vel til þess fallna að skapa breiða sátt um frumvarp Sveitarstjórnarráðherra til eflingar sveitarstjórnarstigsins á Íslandi.

16. Til umsagnar frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471. mál. - 2102614

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 28.01.2021 þar sem frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471. mál, er sent til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Lagt fram.

17. Úrgangsmál drög að umsögn - breytingar á úrgangslöggjöf - 2102611

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 04.02.2021 þar sem send eru drög að umsögn sambandins um fram að innleiðingu hringrásarhagkerfis.

18. Skýrsla stöðuskýrslur uppbyggingarteymis 2020 - 2007054

Stöðuskýrsla nr. 9 frá Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 dags. 22.12.2020.

Lagt fram.

19. Skýrsla stöðuskýrslur uppbyggingarteymis 2021 - 2101587

Stöðuskýrsla nr. 10 frá Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 dags. 28.01.2021.

20. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2021 - 2101521

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram á fundinum.

Lagt fram.

21. Fundargerðir 2021 Hafnasamband - 2101560

Fundgerð 431. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands sem fór fram 22.01.2021.

Lagt fram.

22. Fundargerðir 2020 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2002160

Fundargerð 893. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 16.12.2020.

Lagt fram.

23. Fundargerðir 2021 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2102594

Fundargerð 894. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 29.01.2020.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:55.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)
